



Opinn ársfundur Orkubús Vestfjarða 2022

Haldinn á Hótel Ísafirði

25. maí 2022

Kl. 12:00

Elías Jónatansson

orkubússtjóri



Stutt yfirlit

- Kynning ársreiknings Orkubús Vestfjarða 2022
 - Yfirlit helstu framkvæmda 2021
 - Fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu 2022.
 - Orkuöflun 2021
 - Endurmat á 5,98% eign OV í Landsneti
 - Skýrsla starfshóps um raforkumál á Vestfjörðum
 - Virkjanakostir sem Orkubúið hefur til skoðunar
-
- Vatnsdalsvirkun – Sölvi R. Sólbergsson





Kynning ársreiknings 2021

Reksturinn á árinu 2021

- Rekstur Orkubús Vestfjarða gekk vel á árinu 2021 og skilaði 329 m.kr. hagnaði í samanburði við 244 m.kr. hagnað árið á undan.
- Tekjur af raforkusölu námu 882 m.kr og lækkuðu um 3%
- Tekjur af raforkudreifingu voru 1.309 m.kr og hækkuðu því um 7%
- Tekjur af sölu á heitu vatni námu 786 m.kr og hækkuðu um 5% á milli ára
- Heildartekjur hækkuðu um 68 m.kr. á milli ára og námu 3.174 m.kr.
- Greiddur arður frá Landsneti nam 106 m.kr.
- Rekstrargjöld stóðu í stað á milli ára.
- Laun og launatengd gjöld námu 976 m.kr. samanborið við 926 m.kr. á árinu 2020. Þar er aðallega um kjarasamningsbundnar hækkanir að ræða.
- Stöðugildi eru 60 og standa í stað á milli ára.

Rekstur 2021

	2021	2020
Rekstrartekjur	3.174 m.kr.	3.107 m.kr.
Rekstrargjöld	2.385 m.kr.	2.392 m.kr.
Rekstrarhagnaður	789 m.kr.	715 m.kr.
Afskriftir	404 m.kr.	378 m.kr.
Fjármagnsgjöld	2 m.kr.	17 m.kr.
<u>Tekjuskattur</u>	<u>58 m.kr.</u>	<u>77 m.kr.</u>

Rekstrarhagnaður EBITDA er 789 m.kr.
en var 715 m.kr. árið 2020

Hagnaður eftir skatt er 329 m.kr en var 244
m.kr. árið 2020

Hagnaður ársins 329 m.kr 244 m.kr

Rekstrarreikningur

- Heildarafkoma ársins er mun hærri en hagnaður ársins vegna breyttrar uppgjörsaðferðar við mat á eignum.
- Hagnaður ársins 329 m.kr. er hagnaður af reglulegri starfsemi.

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020*
Rekstrartekjur			
Sala	17	3,174,452	3,106,821
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara	(1,297,330)	(1,334,649)
Laun og launatengd gjöld	18	(975,821)	(926,094)
Annar rekstrarkostnaður	(112,297)	(131,117)
		(2,385,448)	(2,391,860)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		789,004	714,961
Afskriftir	21	(404,018)	(377,675)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		384,986	337,286
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur		108,767	82,993
Fjármagnsgjöld	(107,224)	(99,415)
	20	1,543	(16,422)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		386,529	320,864
Tekjuskattur	23	(57,562)	(77,190)
Hagnaður ársins	25	328,967	243,674
Önnur heildarafkoma			
Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning			
Gangvirðisbreytingar eigna til sölu		577,380	230,479
Heildarafkoma ársins	25	906,347	474,153

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 16.

Efnahagsreikningur


- Endurmat á hlut OV í Landsneti hefur veruleg áhrif á efnahagsreikninginn.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	skýr.	31.12.2021	31.12.2020*
Eignir			
Rekstrarfjármunir	21	8,795,014	8,507,035
Eignarhlutir í öðrum félögum	22	9,901	3,088,196
Fastafjármunir		8,804,915	11,595,231
Vörubirgðir	9	266,102	237,893
Viðskiptakröfur	24	402,385	451,895
Kröfur á tengda aðila	28	100,856	118,149
Aðrar skammtímaskröfur		16,735	23,979
Eignarhlutur til sölu	22	3,663,175	0
Handbætt fé	12	2,541	1,690
Veltufjármunir		4,451,794	833,606
Eignir samtals		13,256,709	12,428,837
Eigið fé			
Hlutfé		3,049,914	3,049,914
Lögbundinn varasjóður		1,016,637	1,016,637
Endurmatsreikningur		3,310,450	2,733,070
Óráðstafað eigið fé		2,573,424	2,244,457
Eigið fé	25	9,950,425	9,044,078
Tekjuskattskuldbinding	23	321,070	297,298
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	27	998,943	1,302,218
Lífeyrisskuldbinding	26	966,951	915,770
Langtímaskuldir		1,965,894	2,217,988
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		196,005	231,098
Skuldir við lánastofnanir		206,958	29,184
Næstu árs afborganir langtímaskulda við lánastofnanir	27	365,748	349,076
Skattar til greiðslu	23	32,394	31,550
Aðrar skammtímaskuldir		218,215	228,565
Skammtímaskuldir		1,019,320	869,473
Skuldir samtals		3,306,284	3,384,759
Eigið fé og skuldir samtals		13,256,709	12,428,837

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 16.

Rekstrarafkoman hefur batnað - en árið í ár gæti orðið erfitt



Efnahagur og stjórðstreymi

Eigið fé	9.950 m.kr.
Heildarskuldir	3.361 m.kr.
Heildareignir	13.256 m.kr.


Veltufé frá rekstri	907 m.kr.
Fjárfesting 2021	697 m.kr.

Fjárfestingin er lægri en veltufé frá rekstri.

Fjárfestingar undanfarinna ára í dreifikerfinu eru margar hverjar ekki arðbærar



Veltufé frá rekstri er meira en fjárfestingar ársins





ORKUBÚ VESTFJARÐA

Yfirlit um framkvæmdir

Orkusvið - framkvæmdir

Árið 2021

- Unnið að forathugun á 30 MW virkjun í Vatnsfirði ásamt minni stýranlegri virkjun.
- Lokið við rannsóknir á 30°C heitu jarðhitakerfi við Patreksfjörð.
- Stjórnbúnaður kyndistöðvar á Patreksfirði og í Þverárvirkjun.
- Hannaðar endurbætur á yfirfalli í Kotskarði.

Árið 2022

- Stofnlögn dreifikerfis hitaveitu frá kyndistöð niður á Suðurtanga.
- Rannsóknarboranir í Tungudal, Ísafirði.
- Rannsóknarboranir á Patreksfirði.
- Rannsóknarboranir á Gálmaströnd í Steingrímsfirði.
- Borun vinnsluholu á Patreksfirði.
- Dæluhús að Laugum í Súgandafirði
- Endurbætur á inntaksstíflu Tungudalsvirkjunar.
- Hönnun á grænu orkustjórnunarkerfi í Flatey



Veitusvið - helstu framkvæmdir

Árið 2021

- Endurnýjun í lágspennukerfi á Ísafirði.
- Ný spennistöð tengd, við Núp í Dýrafirði.
- Nýr aflspennir tengdur í aðveitustöð á Patreksfirði.
- Aflspennir á Keldeyri endurnýjaður ásamt háspennubúnaði.
- Plægður jarðstrengur frá Selá í Steingrímsfirði upp á Trékyllisheiði.
- Klárað að þrífasa í Djúpuvík á Ströndum.
- Nýtt rofahús við Bassastaði.
- Lagður öflugri jarðstrengur í Staðardal upp á Steingrímsfjarðarheiði, sem hluti af spennuhækkunarverkefni í 19 kV í Ísafjarðardjúpi.
- Plægingar víða, m.a. í Tálknafirði, Gilsfirði og utan við Drangsnæs.
- Unnið áfram að meiri sjálfvirkni við uppstart varaafls á Patreksfirði.

Árið 2022

- Öflugt dreifikerfi rafmagns lagt á Suðurtanga á Ísafirði.
- Ný spennistöð utan Sveinseyrar í Dýrafirði fyrir eldiskvía. Fyrsti landtengdi fóðurpramminn á Vestfjörðum.
- Þrífösun með jarðstreng frá Valþjófsdal á Ingjaldssand.
- Jarðstrengur frá Suðureyri í Staðardal.
- Þrífösun víða í kerfin t.d. í Álftafirði og Reykjafirði á Ströndum.
- Lokið við sjálfvirkt uppstart varaafls á Patreksfirði.
- Rofahús byggt við Stakkanes í Steingrímsfirði.
- Unnið að endurnýjun dreifilína í Gufudalssveit í samstarfi við Vegagerðina.
- Fyrsti áfangi við endurnýjun eldsneytistanka á veitusvæðinu




Orkuöflun 2021 samtals 264,5 GWST

Vegna raforkusölu
160,9 GWst

Vegna hitaveitusölu
103,6 GWst

Orkuöflun dregst saman um 4% frá 2020



Raforka til hitunar óbreytt frá 2020



Endurmat á eignarhlut OV í Landsneti

- Á árinu 2021 voru samþykkt lög á Alþingi þess efnis að íslenska ríkið skuli vera eigandi Landsnets frá og með 1. júlí 2022. Orkubú Vestfjarða, ásamt öðrum eigendum í Landsneti, hefur undirritað viljayfirlýsingu þess efnis að félagið sé reiðubúið að selja ríkinu sinn hlut í Landsneti.
- OV hefur fram að þessu fært hlutinn á kostnaðarverði en í ársreikningi 2021 er talið rétt að færa eignarhlutinn sem eign til sölu á meðal skammtímaeigna, enda muni salan eiga sér stað innan árs frá reikningsskiladegi.
- Bókfærðu verði eignarhlutarins í ársreikningi hefur því verið breytt og er nú fært á gangverði hlutarins.
- Gangverðið er áætlað sem hlutdeild af eignarhlut OV í eigin fé Landsnets.
- Innan tíðar munu verða teknar upp formlegar viðræður um sölu hlutarins til ríkisins.







Stjórn OV leggur á það mikla áherslu að fyrirtækið verði jafn sett eftir söluna sem fyrir.

Skýrsla starfshóps um raforkumál á Vestfjörðum

- Ráðherra orkumála skipaði starfshóp um orkumál á Vestfjörðum þ. 15. júní 2021. Hópurinn fékk það verkefni að skoða orkumál á Vestfjörðum út frá stöðu mála í flutningskerfi raforku, dreifikerfi raforku og möguleikum til orkuvinnslu á svæðinu, svo og áherslum úr orkustefnu um orkuskipti og afhendingaröryggi á landsvísu.
- Orkubússtjóri sat í hópnum f.h. OV, en þar sáu einnig fulltrúar Landsnets, Orkustofnunar, Vestfjarðastofu ásamt fulltrúa ráðuneytisins auk formanna sem skipaður var af ráðherra.
- Hópurinn skilaði tillögum í vor sem geta haft afgerandi áhrif á afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, verði þær að veruleika.
- Um er að ræða tímasettar tillögur sem snúa að bæði megin flutningskerfi og svæðisbundun kerfi raforku, en einnig að dreifikerfinu og orkuframleiðslu.

Tillögur hópsins að tímasettum verkefnum sem farið verði í á næstu árum

Það er niðurstaða hópsins að til þess að að bæta afhendingaröryggið á Vestfjörðum og tryggja nægilegt afl, ásamt því að auka kerfisstyrk, sé nauðsynlegt að vinna að úrbótum og verkefnum sem snerta nánast alla hluta raforkukerfisins. Þar er átt við meginflutningskerfið, svæðisbundna flutningskerfið, dreifikerfið og síðast en ekki síst orkuframleiðslu innan svæðisins, auk jarðhitaleitar.

Verkefni	Áætlaður kostnaður	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	
 Meginflutningskerfi	2,5 til 2,8 mkr		Tvöföldun tengingar á milli Mjólkár og Kollaflarðar									
	2,3 til 2,6 mkr		Uppsetning tengipunkts í Ísafjarðardjúpi									
 Svæðisbundna flutningskerfið	0,6 til 0,7 mkr	Yfirbygging tengivirkis í Breiðadal										
	0,8 til 1 mkr		Yfirbygging tengivirkis í Mjólkú (66 kv hluta)									
	2,4 til 2,7 mkr		Suðurhringur (Hringtenging: Mjólkú-Tálknafjörður-Bildudalur-Mjólkú)									
	1,3 til 1,5 mkr		Norðurhringur (tvöföldun tengingar á milli Mjólkár og Breiðadals)									
	1,0 til 1,2 mkr		Styrking Ísafjarðartínu 1									
 Dreifikerfið	1,1 - 1,2 mkr	Þrífusunarverkefni - framgangur ræðst af fjármögnun og átaksverkefnum										
	0,10 - 0,13 mkr		Patreksfjarðarlína í Jarðstreng									
 Virkjun fyrir norður- og suðursvæði Vestfjarða	Metin hagkvæm	Uppfærsla fríleysingar-skilmála í Vatnsfirði	Sviðsmynd 1									
			Mögulegt leyfisferli/grunnrannsóknir/verhönnun						Byggingartími virkjunar			
			Sviðsmynd 2									
			Stutt leyfisferli - grunnrannsóknir/Verkhönnun		Byggingartími virkjunar							
 Virkjun í Steingrímsfirði	Metin hagkvæm	Mögulegt leyfisferli - hönnunartími og undirbúningur				Byggingartími virkjunar						
 Jarðhitaleit	0,1 mkr	Fjármagn í Jarðhitaleit á Ísafirði og á Patreksfirði										

Afhendingaröryggi á Vestfjörðum

Straumleysistilfellum í þéttbýli getur fækkað um allt að 90% á næstu sex til sjö árum, verði tillögurnar að veruleika.

Myndin sýnir áætlaða þróun afhendingaröryggis með tíma



Mynd 1. Tillögur starfshópsins og áhrif þeirra.

Virkjanakostir

Aukin orkuöflun með virkjunum innan Vestfjarða leikur lykilhlutverk í eflingu raforkukerfisins og aukningu í afhendingaröryggi

Komið er inná ýmsa möguleika til aukinnar orkuöflunnar á Vestfjörðum, í skýrslunni. Hér verða einungis nefndir tveir:

- Möguleg 9,7 MW vatnsaflsvirkjun í Selárdal í Steingrímsfirði og
- Möguleg vatnsaflsvirkjun í Vatnsdal í Vatnsfirði 20 til 30 MW í afli.

Báðar mundu þessar virkjanir hafa veruleg áhrif á afhendingaröryggið á Vestfjörðum.

Hér verða sýnd áhrif virkjunar í Vatnsfirði


Virkjun í Vatnsfirði

Áhrif nýrrar virkjunar í Vatnsfirði á afhendingaröryggi á Vestfjörðum.

Reiknað er með að búið sé að tvöfalda svæðisbunda kerfi Landsnets, Mjólkárveituna með tvöfaldri tengingu suður og norður frá Mjólká

Ætla má að straumleysistilfellum á norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum fækki um allt að 90%

Hugmynd um Vatnsdalsvirkjun verður kynnt nánar í dag af Sölva R. Sólbergssyni framkvæmdastjóra orkusviðs.



Mynd 12. Ný 20 MW virkjun í Vatnsfirði – áhrif á afhendingaröryggi.



ORKUBÚ VESTFJARÐA

